

## Aðgangsstýringar í afgreiðslukerfi

*Um deildarstarfsmann:*

Ef deildarstarfsmaður er skráður þá sést aðfangið eingöngu hjá þeim starfsmönnum sem hafa aðgang að einhverri þeirra sögudeilda sem skráður deildarstarfsmaður hefur aðgang að.

**Stillingar**

Afgreiðsla - Aðföng

Nr. *	Gerð *	Heiti *	Lýsing	Skammt.	Skilyrði	Læknir	Virk?
4113	E	Hjartaómun					...

Dagar fram í tímann Dags. fram í tímann Byrj. tími \* En. tími \* Tímalengd\* Deildarstarfsmaður Ábyrgur starfsmaður

Nr. /	Gerð	Heiti	Lýsing	Skammt.	Skilyrði	Læknir	Dagar fram í tímann	Dag
4111	E	EKG						
4112	E	Hjartarit / Gangráðsm.						
4113	E	Hjartaómun						
4114	E	Holter						

Setja má sama deildarstarfsmann á fleiri en eitt aðfang.

*Um sýnileika tímabókana:*

Ef notandi hefur ekki réttindi á ákveðna sögudeild og þar með afgreiðsludeild, en á þeirri afgreiðsludeild hefur verið gerð tímabókun á einstakling, sér notandinn aðeins frátekinn tíma hjá aðfanginu en ekki nafn þess einstaklings sem á bókaðan tíma.

**Stillingar**

Afgreiðsla - Afgreiðsludeildir

Nr. *	Heiti *	Lýsing	Símanr.	Sögu deildir
001	DK Deild			SAGA 3.1 Prufudeild

Aths. Skipta greiðslu? Virk?

Nr.	Heiti	Lýsing	Símanr.	Aths.	Skipta greiðslu?
001	DK Deild				
1	Kallaafgreiðsludeild	Kalladeild	1234567	Athugasemd Kalladeildar	<input checked="" type="checkbox"/>

09:50	
10:00	
10:10	
10:20	

### Hvernig virkar þetta?

*Ef deildarstarfsmaður er skráður á aðfang:*

Ef notandi skráir sig inn á sögudeild sem hefur ekki aðgang að ákveðinni afgreiðsludeild (A) (heldur t.d. eingöngu afgreiðsludeild B), en notandinn hefur einnig leyfi til að skrá sig inn á aðra sögudeild sem hefur aðgang að afgreiðsludeild A, þá sér hann frátekinn tíma á aðfangið en ekki nöfn þeirra sjúklinga sem eiga tímabókanirnar sem hafa verið skráðar á afgreiðsludeild A.

Ef notandi er skráður inn á sögudeild sem hefur aðgang að afgreiðsludeild A en hann er ekki með þá afgreiðsludeild valda þá sér hann samt sem áður aðfangið og nöfn þeirra sem eiga tímabókanirnar sem hafa verið skráðar á afgreiðsludeild A.

Aðrir starfsmenn sem ekki hafa aðgang að neinni þeirra sögudeilda sem deildarstarfsmaður hefur aðgang að sjá ekki aðfangið sem hann er skráður fyrir.



SÖGUSTUND 18. mars 2009

*Ef deildarstarfsmaður er ekki skráður á aðfang:*

Allir notendur sjá aðfangið en einungis þeir sem eru með aðgang að sögudeild sem tengd er afgreiðsludeild A sjá nöfn þeirra sem eiga tímabókanirnar sem gerðar voru á afgreiðsludeild A.

**Dæmi:**

a)

Læknir með viðtalstíma á mörgum stöðum er oftast með eitt aðfang en margar innskráningardeildir. Þeir starfsmenn sem eru á viðkomandi stöðum og þurfa að geta bókað á hann sjá aðfangið hans og aðrar tímabókanir annars staðar en ekki nöfn einstaklinganna. Því er nóg að gera hann að deildarstarfsmanni.

b)

Læknir sem sinnir ólíkum störfum á mismunandi deildum innan stærri stofnana gæti hugsanlega verið þægilegra að skilgreina með mörg aðföng sem væru auðkennd hlutverki hans á hverri innskráningardeild. Þá væri hægt að skilgreina einn notanda fyrir hverja innskráningardeild sem heitir nafni hennar og gera síðan þann notanda að deildarstarfsmanni fyrir öll aðföng sem eingöngu eiga að sjást þar.

Með kveðju

**EMR - Heilbrigðislausnir**